



Alþingi
Erindi nr. P 132/945
komudagur 22.2.2006

Sjávarútvegsnefnd
við Austurvöll
150-

Reykjavík, 21. febrúar 2006
Tilvísun: 200602-0023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 448. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 448. mál.

Frumvarpið felur í sér fjórar sjálfstæðar breytingatillögur á lögum um stjórn fiskveiða: Í fyrsta lagi að fellt verði brott ákvæði laganna er lýtur að dagakerfi fyrir krókabáta þar sem dagakerfið fellur niður í lok þessa fiskveiðiárs. Í öðru lagi að sett verði hámark á samanlagða krókaafhlutdeild fiskiskipa til að hlutdeildir dreifist á fleiri byggðalög. Í þriðja lagi að gera mögulegt að flytja aflamark milli fiskiskipa með einfaldari hætti en nú tíðkast. Í fjórða lagi að koma tímabundið til móts við þá sem lent hafa í vanda vegna erfiðleika í veiðum og vinnslu á úthafsækju.

Alþýðusamband Íslands styður þessar breytingatillögur en bendir jafnframt á að við ákvörðun á hámarks krókaafhlutdeild þarf að gæta þess að þeir sem starfandi eru í krókaflakefinu verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að þeir hafi áður en frumvarpið kom fram fjárfest í krókaafhlutdeild sem leiðir til þess að þeir fara yfir hámarkið.

f.h. Alþýðusambands Íslands,

Stefán Úlfarsson